

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 03.05.2019
Tilv. 2019/0320 - 0.1.01
MS

Efni: Umsögn Neytendastofu um frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum (flytjanleiki efnisveitu á netinu yfir landamæri), 797. mál

Vísað er til tölvubréfs nefndarsviðs Alþingis, dags. 12. apríl 2019, þar sem Neytendastofu var sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum vegna flytjanleika efnisveitu á netinu yfir landamæri, 797. mál.

Neytendastofa vill koma að athugasemdum vegna umfjöllunar í kafla 3.3.2. *Framfylgd og eftirlit* í greinargerð með frumvarpinu.

Í greinargerðinni er um það fjallað að þar sem reglugerð (ESB) nr. 2017/2394 (CPC-reglugerðin) sé ekki orðinn hluti af EES samningnum telji ráðuneytið rétt að bíða með tilnefningu eftirlitsaðila með efni reglugerðar um flytjanleika efnisveitubjónustu þar til hin fyrrnefnda verði innleidd. Ráðuneytið skv. ummælum í greinargerðinni virðist því gera ráð fyrir að þá muni reglugerð (ESB) nr. 2017/1128 væntanlega verða sett í lög um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Neytendastofa vill benda á að umrædd CPC-reglugerð er aðeins uppfærsla á gildandi CPC-reglugerð sem innleidd var hér á landi með lögum nr. 56/2007, um samvinnu stjórnvalda á EES-svæðinu um neytendavernd og ákvæði hennar því sjálfstæð og ekki hluti af ákvæðum laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu sem verður því ekki breytt efnislega með innleiðingu nýrrar CPC-reglugerðar síðar á þessu ári.

Ummæli í greinargerð um ákvæði laga nr. 57/2005

Greinargerðin gerir ráð fyrir því að Neytendastofa hafi nú þegar heimild á grundvelli 4. gr. laga nr. 57/2005, sbr. 5. og 9. gr. laganna, til að hafa eftirlit með að þjónustuveitendur efnisveitu á netinu bjóði áskrifendum ekki ósanngjarna skilmála eða ástundi ekki villandi eða óréttmæta viðskiptahætti varðandi möguleika áskrifenda til að nýta sér aðgang sinn að efnisveitunum á meðan á tímabundinni dvöl stendur í öðru aðildarríki í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar. Í greinargerðinni kemur fram að litið hafi verið til Noregs við innleiðingu reglugerðarinnar og samkvæmt upplýsingum sem Neytendastofa fékk frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu er tilvísun til úrræða samkvæmt lögum nr. 57/2005 byggð á innleiðingu Noregs og þess að í Noregi er vísað sérstaklega til ákvæða 32. gr., sbr. 6.-8. gr. og 22. gr. norsku markedsförlingsloven sem Neytendaefirlitið í Noregi (Forbrukertilsynet) hefur eftirlit með.

Neytendastofa bendir á að ákvæði 22. gr. norsku laganna, sbr. 32. gr. norsku laganna, er ekki

að finna í lögum nr. 57/2005, með síðari breytingum. Neytendastofa hefur ítrekað bent á nauðsyn þess að sett verði inn í lögina slík ákvæði þar sem mælt er fyrir um eftirlit stofnunarinnar með ósanngjörnum samningsskilmálum án þess að slík lagabreyting hafi verið gerð enn sem komið er. Þegar af þeirri ástæðu er ekki unnt að bera saman norsku markedsföringsloven og íslensk lög nr. 57/2005.

Neytendastofa vill því hér með benda á að þrátt fyrir að Noregur hafi valið þessa leið til innleiðingar eru heimildir Neytendastofu til að geta gripið til aðgerða vegna hugsanlegra brota gegn reglugerð (ESB) nr. 2017/1128 því afar takmarkaðar. Vill stofnunin af þessu tilefni benda á að 22. gr. norsku markedsföringsloven fjallar sérstaklega um ósanngjarna skilmála í neytendasamningum. Er þar um að ræða innleiðingu tilskipunar 93/13/EBE sem hér á landi var innleidd með ákvæðum í lög nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggjafinga. Neytendastofu er ekki falið eftirlit með ákvæðum tilskipunar 93/13/EBE með lögum nr. 57/2005 eins og gert er í Noregi. Ástæða þess er að vegna mistaka við lagasetningu þegar lög nr. 57/2005 voru upphaflega samþykkt var hvorki sett slíkt ákvæði inn í frumvarp það sem síðar varð að lögum nr. 57/2005, né í greinargerð frumvarpsins. Neytendastofa taldi í ákvörðun sinni nr. 25/2009 þó rétt skv. „eðli máls“ að ljóst væri að vilji löggjafans væri skýr og Neytendastofa á Íslandi eins og önnur systurstjórnvöld á Norðurlöndum skuli hafa þessa heimild. Áfrýjunarnefnd neytendamála hafnaði þeirri túlkun og framkvæmd Neytendastofu og úr þeim ágalla verður því ekki bætt nema með lagasetningu af hálfu Alþingis.

Til frekari stuðningi þess að óvíst er hvort hægt verði að grípa til aðgerða á grundvelli laga nr. 57/2005 bendir Neytendastofa á að þar er innleidd tilskipunar nr. 2005/29/EB, um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum. Í reglugerð (ESB) nr. 2017/1128 er hvergi gert ráð fyrir tengslum við tilskipun nr. 2005/29 eins og gjarnan er gert í Evrópugerðum þar sem gert er ráð fyrir að ákvæði annarra tilskipana eða reglugerða komi til frekari fyllingar.

Ekki fyrirstaða fyrir því að kveðið á um eftirlit strax

Neytendastofa vill benda á að þó reglugerð (ESB) nr. 2017/2394 sé ekki enn formlega hluti af EES samningnum kemur það ekki í veg fyrir að kveðið sé á um eftirlitsaðila með flytjanleika efnisveitu nú þegar. Jafnframt eru nú þegar í gildi lög nr. 56/2007 þar sem núverandi CPC-reglugerð er þegar innleidd í íslensk lög og því framangreind reglugerð aðeins uppfærsla á þegar gildandi reglum. Þegar reglugerð (ESB) nr. 2017/2394 hefur verið tekin upp þarf íslenska ríkið að sjá til þess að sinnt sé eftirliti samkvæmt hverri og einni gerð sem talin er upp í viðauka reglugerðarinnar sem þar eru á lista, þ.m.t. reglugerð ESB um efnisveitur. Ekkert kemur þó í veg fyrir að það sé gert strax ef vilji Alþingis stendur til þess.


Aðstoð við markaðinn og neytendur

Neytendastofa vill jafnframt benda á að með innleiðingunni verður gerð grundvallarbreyting á núverandi fyrirkomulagi um flytjanleika efnisveitu. Stofnunin telur því brýnt að kynnt verði fyrir seljendum efnisveitu hvaða skyldur þeir hafa framvegis við miðlun á áskriftarefni sem þeir markaðssetja og selja til neytenda. Jafnframt skiptir verulegu máli að kynna vel fyrir neytendum þau nýju réttindi sem þeir öðlast með innleiðingu á þessum nýju reglum. Með þessu fyrirkomulagi innleiðingarinnar er ekki gert ráð fyrir því.

Mikilvægt er einnig að mati Neytendastofu að huga að því við samþykkt frumvarpsins að gera seljendum efnisveitna skylt að eiga aðild að úrskurðaraðila sem starfar utan dómstóla þangað sem hægt er að skjóta ágreiningsmálum milli neytenda og seljenda og fá úrlausn á skjótvirkan hátt, sbr. frumvarp það sem liggur nú fyrir Alþingi, sbr. þskj. 1062- 649. mál, um

úrskurðarnefndir á sviði neytendamála. Það er til þess fallið að auka neytendavernd og jafnframt að seljendur beri ábyrgð á skjótvirkum og ódýrum leiðum til úrlausnar komi upp deilur í viðskiptum til hagsbóta fyrir viðskiptavinum sína.

Virðingarfyllt
f.h. Neytendastofu


Tryggvi Axelsson
Forstjóri


Þórunn Anna Árnadóttir
Sviðsstjóri